



Minnisblað

Samorka og Samband íslenskra sveitarfélaga

17. nóvember 2020

Minnisblað - Í framhaldi af fundi með umhverfis og auðlindaráðherra - framtíðarsýn í fráveitumálum

Á fundi fulltrúa Samorku og Sambands íslenskra sveitarfélaga, með umhverfis- og auðlindaráðherra fimmtudaginn 12. nóvember síðastliðinn, voru ræddar tillögur ráðuneytisins um auknar kröfur um fráveituhreinsun og álit samtakanna á þeim tillögum. Samtökin vilja í fyrsta lagi koma á framfæri þökkum til ráðherra fyrir fundinn og tækifærið til að ræða þessi mikilvægu mál við hann. Í minnisblaði þessu er farið nánar yfir tillögur samtakanna að sameiginlegri framtíðarsýn í fráveitumálum, byggt á fyrri tillögum samtakanna og umræðum á fundi með ráðherra. Þá er sérstaklega farið yfir þær tillögur að rannsóknum sem ræddar voru á fundinum.

Í fyrra minnisblaði og á fundi með ráðherra komu fram eftirfarandi megináherslur samtakanna:

- Samtökin leggjast gegn þeim tillögum um aukna fyrsta stigs hreinsun sem koma fram í nýjum drögum að reglugerð.
- Samtökin leggja mikla áherslu á framþróun fráveitumála á Íslandi og leggja því til sameiginlega leið fram á við í málaflokknum.
- Fyrsta skrefið þar er að gefa út nýja reglugerð um fráveitur og skólp – þá reglugerð sem unnin var á síðustu árum af samráðshópi um nýja fráveitureglugerð.
- Samtökin leggja sérstaka áherslu á að það styrkjakerfi sem samþykkt hefur verið að koma á fyrir fráveituframkvæmdir, verði sett af stað án tafar, svo að nauðsynlegar framkvæmdir geti farið í gang.

Í framhaldi af fundi samtakanna með ráðherra, er það mat okkar að mikill samhljómur sé á milli samtakanna, ráðherra og annarra hagsmunaaðila þegar kemur að forgangsröðun í fráveitumálum og vilja til að takast á við þær áskoranir sem framundan eru í málaflokknum, sérlega m.t.t umhverfisverndar. Það er mat samtakanna að slík sameiginleg framtíðarsýn sé lykilinn til að ná árangri í málaflokknum fyrir hagsmuni umhverfis, veitna, sveitarfélaga og íbúa þeirra. Slík sýn myndi grundvallast á því að:

1. Forgangsatíði er að koma á fráveituhreinsun í þeim sveitarfélögum þar sem ekki er hreinsun til staðar í dag. Í dag búa 79% landsmanna við fráveituhreinsun sem uppfyllir nógildandi reglugerð. Það að komast í 100% er eitt stærsta úrbótamál í umhverfismálum sem íslensk þjóð stendur frammi fyrir.
2. Stofnaður verði samstarfsvettvangur um framþróun í fráveitumálum. Lagt er til að hann verði stofnaður opinberlega og við það tækifæri kynntar sameiginlegar áherslur og forgangsverkefni í málaflokknum. Í honum ættu t.d sæti fulltrúar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Umhverfisstofnunar, Samorku, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins / Samtaka iðnaðarins og heilbrigðiseftirlita. Samstarfsvettvangurinn myndi hafa skýr verkefni og skyldur:
 - Að skoða og rannsaka hvernig best er hægt að eiga við örplastsvandann, þ.á.m. hvort tilefni sé til aukinnar fyrsta stigs hreinsunar. Fráveitukerfi sveitarfélaga og veitufyrirtækja mynda farveg fyrir hluta örplastsins til sjávar. Lykilatriði til þess að eiga við örplastsvandann er heildstæð nálgun, og að átt verði við mengunina sem næst



- upprunum. Samstarfsvettvangurinn myndi vinna að tillögum að heildstæðri nálgun til að eiga við örplastsmengun.
- Veitur hafa boðist til að aðlaga sínar viðtakarannsóknir sem framundan eru í vor, að skoðun á örplastsmengun, uppruna hennar, virkni blágrænna lausna og leiðum til að vinna gegn menguninni. Nánar er fjallað um þetta hér að neðan.
 - Að fylgjast með þróun í fráveitulöggjöf Evrópusambandsins og mögulegum áhrifum hennar á íslensk lög og reglugerðir tengt fráveitumálum.
 - Að standa fyrir rannsóknum og verkefnum tengt öðrum áskorunum í fráveitumálum.
 - Að vinna að lausnum á stórum áskorunum í fráveitumálum og að vinna að því að nýta tækifæri sem þær geta líka falið í sér. Hér væri sérstaklega horft til hringrásarhagkerfisins og nýtingu næringarefna sem hreinsuð eru úr fráveitunni.
 - Að vinna að fræðslu til almennings og allra haghafa um fráveituna og hvað má og má ekki setja í fráveitukerfin.
3. Gefin verði út ný reglugerð um fráveitur og skólp, byggt á þeim drögum sem að samráðsnefnd um reglugerðina vann, og sett var í opið samráð af ráðuneytinu.
- Þar minna samtökin á að í þeim drögum er að finna mikilvægar úrbætur í fráveitumálum, t.d skýrari kröfur til minni sveitarfélaga um hvað felst í „viðunandi hreinsun“; kröfur sem gerðar eru til atvinnureksturs um hreinsun fráveituvatns & umfjöllun um blágrænar ofanvatnslausnir.
 - Í reglugerðinni væri mögulegt að hafa ákvæði um endurskoðun hennar innan ákveðins tíma, t.d ef breytingar á evrópulöggjöf kalla á það.
 - Þar benda samtökin á athugasemdir sínar varðandi kröfur sem gerðar eru til minni og meðalstórra sveitarfélaga sem losa í vatnsmiklar jökulár. Samtökin telja mikilvægt að þær verði sambærilegar og kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga við sjávarsíðuna. Vísað er til fyrra minnisblaðs og gagna úr vinnu samráðsnefndar um fráveitureglugerð til rökstuðnings við þær athugasemdir.
4. Að styrkjakerfi fyrir fráveituframkvæmdir verði komið í gang án tafar og að reglugerð um skipulag þess verði gefin út. Slíkt er lyklatríði til að mikilvægar framkvæmdir geti komist í gang, hjá sveitarfélögum hringinn í kringum landið.

Á fundi ráðherra og samtakanna kom fram sú hugmynd að leita ráðgefandi álits ESA á því hvort að innleiðing Íslands og Noregs á fráveitutilskipuninni á sínum tíma hefði verið rétt framkvæmd, m.t.t þess hvort að síun jafngildi fyrsta stigs hreinsun skólps. Samtökin telja að það sé ekki besta leiðin, en leggja áherslu á að ef að ef að sú leið verði farin, þá yrði það gert í samstarfi við Norðmenn, þar sem um var að ræða sameiginlegan skilning fulltrúa Íslands, Noregs og Evrópusambandsins á þessum tíma. Samtökin benda þó á umfjöllun hér að ofan um forgangsatríði í fráveitumálum og mikilvægi þess að unnið sé að þeim málum í góðu samstarfi, sem allra fyrst.

Að síðustu vilja samtökin ítreka eindreginn vilja sinn til samstarfs við ráðuneytið og alla hagsmunaaðila í fráveitumálum. Samtökin taka alvarlega hlutverk sitt í málaflokknum, sem fulltrúar þeirra opinberu aðila sem hafa það hlutverk að veita fráveitubjónustu. Að mati samtakanna er besta leiðin til að ná raunverulegum árangri til framtíðar, að allir aðilar vinni saman að vel skilgreindum markmiðum um umhverfisvernd, lýðheilsu og þjónustu fyrir íbúa og atvinnulíf.